

Ræða stjórnarformanns á ársfundi Gildis-lífeyrissjóðs 30. apríl 2014.

Fundarstjóri, góðir sjóðfélagar.

Árið 2013

Árið 2013 var annasamt og viðburðarríkt hjá Gildi-lífeyrissjóði. Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 9,1% og að teknu tilliti til verðbólgu var hrein raunávöxtun sjóðsins 5,3%. Kemur þessi ávöxtun í kjölfarið á góðri ávöxtun árið 2012 þar sem sjóðurinn skilaði 7,3% raunávöxtun. Sjóðurinn er því vissulega að styrkja stöðu sína eftir erfið ár þar á undan og er ekki hægt annað en að vera ánægður með árangur sjóðsins. Í þessu sambandi ber að koma á framfæri þakklæti til stjórnenda og starfsmanna sjóðsins fyrir vinnusemi og trúmennsku fyrir sjóðinn. Góð afkoma lífeyrissjóðs kemur ekki sjálfkrafa. Í flóknu umhverfi og síauknum kröfum eftirlitsaðila kemur slík afkoma ekki nema með vandvirkni og dugnaði og hæfilegri blöndu af varkárni og áræðni. Varðandi afkomu sjóðsins á síðasta ári, rekstur hans og aðrar tölulegar upplýsingar þá mun framkvæmdastjóri sjóðsins fara yfir það hér á eftir. Því ástæðulaust fyrir mig að þreyta fundarmenn með því hér.

Árangur til lengri tíma

Árangur sjóðsins til lengri tíma er líka vel ásættanlegur. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 2,9%, en meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 10 ár er um 2,5% sem verður að teljast gott þegar litið er til áfalla árána 2008 og 2009 og þeirra miklu áhrifa sem það hafði og hefur enn á íslenskt efnahagslíf. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2013 var 334 milljarðar en var 302 milljarðar í árslok 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 3,5%, en batnar þó nokkuð á milli ára. Alls eiga tæplega 190.000 manns réttindi í sjóðnum, en virkir sjóðfélagar eru tæplega 27.000 og lífeyrisþegar um 17.000. Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar vegna ársins 2013 námu tæpum 10 milljörðum og hækkuðu um 11,4% milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3% en var 2,98% á árinu 2012 og hækkar því lítillega. Hafa verður í huga að á sama tíma og eignir sjóðsins aukast þá aukast jafnframt skuldbindingar hans vegna hækkanði aldurs landsmanna, en eins og öllum er kunnugt þá eykst nú meðalævi landsmanna ekki síður hér en í Evrópu.

Breyttar lífslíkur

Þegar reglur um 67 ára lífeyrisaldur voru settar var meðalaldur landsmanna lægri og lífsgæði á margan hátt lakari. Lífsgæði og meðalaldur okkar hefur hækkað vegna framfara í læknávisindum, breyttum lífsstíl og betri aðbúnaði almennt. Því mun mikilvægi lífeyriskerfisins okkar spila æ stærri þátt í samfélagi okkar. Það hlýtur að vera markmið okkar að byggja upp okkar sjálfbæra sjóð til að leita í þegar við hættum að vinna frekar en að börn okkar greiði lífeyrinn okkar í gegnum skatta. Lífeyriskerfi sem byggir á sjálfbærni byggir á góðri sátt aðila og var sá grunnur lagður fyrir meira en fjórum áratugum. Framsýnir forsvaraðilar vinnumarkaðarins byggðu upp lífeyriskerfi sem byggir á söfnun iðgjalda. Mörg ríki hafa byggt upp gegnumstreymiskerfi sem taka einungis mið af réttindasöfnun sem skattgreiðendur, þ.e. börn lífeyrisþega, greiða. Ljóst er að breyting sem er að verða á samsetningu íbúa gera þessum ríkjum erfitt fyrir þar sem engir sjóðir eru til að grípa í. Þar sem lífaldur fer hækkanði verður sífellt erfiðara að standa undir greiðslum lífeyrisþega. Það að hver kynslóð standi undir sínum lífeyri er mun réttlátara og framsýnna kerfi en að skattgreiðendur framtíðarinnar sjái um þær greiðslur.

Ljóst þykir því að lífeyriskerfi okkar þarf að taka einhverjum breytingum vegna hækkandi aldurs landsmanna. Mikilvægt er að vanda þá vinnu og þá er ekki síður mikilvægt að víðtæk sátt ríki um innihald þeirra breytinga sem verða óhjákvæmilegar.

Örorkubyrði

Eins og áður sagði voru lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar vegna ársins 2013 tæpir 10 milljarðar og hækkuðu um 11,4% á milli ára. Þar af var örorkulífeyrir rúmir 3 milljarðar og hækkaði um 12,5% á milli ára. Er þetta þróun sem stjórn sjóðsins hefur haft vaxandi áhyggjur af. Sjóðurinn hefur þyngrí örorkubyrði en margir aðrir lífeyrissjóðir. Þung örorka hefur ekki eingöngu áhrif á afkomu sjóðsins heldur einnig á lífsgæði margra þeirra sem þurfa að sætta sig við líf með örorku. Sjóðurinn hefur undanfarin ár átt farsælt samstarf við VIRK og treystir því að það samstarf haldi áfram og muni skila góðum árangri til lengri tíma litið. VIRK hefur á sínum snærum öflug úrræði sem hentar mörgum sjóðfélögum. Mikilvægt er að halda áfram öflugum forvarnarstarfi og reyna að grípa snemma inn í vanda einstaklinga. Í lok árs efldi sjóðurinn enn samstarfið við VIRK og bundnar eru vonir við að það efli starfið enn frekar sjóðfélögum til hagsbóta.

Upplýsingastreymi

Stjórn sjóðsins hefur nú sem fyrr leitast við að bæta enn frekar upplýsingastreymi til sjóðfélaga. Haldinn var sjóðfélagafundur í vetur þar sem farið var yfir stöðu sjóðsins, helstu verkefni voru kynnt og sjóðfélögum gefinn kostur á að spyrja um rekstur og starf sjóðsins. Þá var haldið opið hús þar sem sjóðfélagar gátu komið í heimsókn og kynnt sér starfsemi sjóðsins. Einnig hafa Landssamtök Lífeyrissjóða unnið gott starf og hafa m.a. kynnt nýtt vefrit sem ber heitið Vefflugan sem ætlað er að upplýsa sjóðfélaga um kerfið í heild og réttindi sín. Þá var Lífeyrisgáttin kynnt fyrir í vetur en þar geta sjóðfélagar séð yfirlit um stöðu þeirra hjá nær öllum lífeyrissjóðum landsins, en oft hefur slíka heildaryfirsýn vantað þar sem margir landsmenn eiga réttindi í fleiri en einum sjóði.

Starf stjórnarinnar

Á árinu 2013 voru haldnir 26 stjórnarfundir sem er svipaður fjöldi og á fyrra ári. Fjöldi stjórnarfunda á ári hefur tvöfaldast frá 2008 og er það m.a. tilkomið vegna aukins innra starfs auk þess sem fjárfestingar kalla á meiri vinnu við undirbúning og ákvarðanatöku. Auknar kröfur eru nú gerðar til stjórnarmanna, bæði hvað varðar hæfi, reynslu og vinnuframlag. Fjármálaeftirlitið hefur undanfarin ár kallað stjórnarmenn lífeyrissjóða í sérstakt hæfismat. Þannig kannar eftirlitið þekkingu stjórnarmanna á lögum og reglum um lífeyrissjóði, kunnáttu í reikningsskilum lífeyrissjóða og almennum viðhorfum og þekkingu á helstu málum lífeyrissjóða. Það er af hinu góða og hlýtur að vera grundvöllur að betri gæðum í ákvarðanatöku. Miklar breytingar hafa orðið undanfarin ár á stjórninni og þótt endurnýjun sé ávallt nauðsynleg í stjórnnum þá er einnig mikilvægt að tryggja festu og þekkingu innan sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd sjóðsins hefur starfað frá árinu 2009. Hún fundaði 11 sinnum á árinu. Nefndin fylgist bæði með ytri og innri endurskoðun sjóðsins og eykur þannig gæði endurskoðunar og eftirfylgni. Auk þess var helsta starf nefndarinnar á árinu að fylgjast með innleiðingu eigna- og áhættustýringarkefi sjóðsins sem nú er að mestu lokið. Stjórnin óskaði eftir því að nefndin leitaði tilboða í ytri endurskoðun félagsins. Aðilar sem leitað var til þurftu að uppfylla ákveðin gæðaskilyrði og hæfni til að taka að sér verkefnið og var farið vel yfir þessa þætti. Eftir að hafa fengið tilboð frá

nokkrum helstu stofunum var niðurstaðan sú að velja Deloitte og mun tillaga um það verða lögð fram hér síðar á fundinum. Sérstakir þakkir fær KPMG fyrir vel unnin störf fyrir sjóðinn, en þeir hafa verið endurskoðendur sjóðsins frá stofnun hans 2005. Endurskoðunarnefndin vinnur náið með stjórnendum sjóðsins og hefur frá upphafi verið einn stjórnarmaður í nefndinni. Frá 2009 hefur Sigurður Þórðarson fyrrum ríkisendurskoðandi farið fyrir nefndinni með miklum myndarskap.

Gjaldeyrishöftin

Ekki er hægt að standa hér uppi án þess að minnst á gjaldeyrishöftin sem óhjákvæmilega hafa áhrif á möguleika sjóðsins til ávöxtunar. Um 27% eigna sjóðsins eru erlendis en vegna gjaldeyrishafta hefur sjóðurinn ekki fjárfest erlendis nema að því marki sem sjóðurinn var þegar skuldbundinn til. Lokað hagkerfi á Íslandi er aukið áhyggjuefni og til lengri tíma er ljóst að það dregur úr möguleikum sjóðsins til ávöxtunar og þar með réttindum sjóðfélaga, auk þess sem það hefur neikvæð áhrif á innviði samfélagsins og eykur viðkvæmni þess á margan hátt. Afnáam gjaldeyrishafta er að verða eitt af stærstu hagsmunamálum íslenskra lífeyrissjóða, bæði til að hafa áhrif á möguleika þeirra til ávöxtunar og einnig áhættudreifingar eignasafnsins. Því lengri tími sem líður sem höftin eru því meiri hætta er á röskun í eignasafni sjóðanna þegar þau verða afnumin.

Almennt um markaði

Markaður með skráð hlutabréf og skuldabréf hefur byggst hægar upp en væntingar stóðu til. Þótt vöxtur verðbréfamarkaðarins hafi verið hægur þá hafa þær skráningar sem hafa átt sér stað almennt gengið nokkuð vel. Ávöxtun skráðra íslenskra hlutabréfa á árinu var í heild sinni góð. Þar sem uppbyggingin hefur gengið hægar fyrir sig en reiknað var með hefur sjóðurinn leitað nokkuð í óskráð bréf í samræmi við heimildir sínar til að auka gæði og fjölbreytileika safnsins. Ávöxtun erlenda hlutabréfasafns sjóðsins var almennt vel ásætlanlegt en gengi krónunnar styrktist á árinu og hefur það nokkur áhrif á afkomu sjóðsins.

Veðlán til sjóðfélaga

Á árinu lagði stjórn sjóðsins áherslu á að auka veðlán sín til sjóðfélaga. Var það gert með kynningum og lækkun vaxta og kostnaðar. Allir sjóðfélagar hafa rétt til lántöku hjá sjóðnum og hafa sjóðfélagar reynst traustir lántakendur.

Fyrirferð lífeyrissjóða á markaði

Nokkur umræða hefur verið um fyrirferð íslenskra lífeyrissjóða á hlutabréfamarkaðnum. Umræðan hefur verið fremur einhliða og fyrst og fremst beinst að skráðum félögum. Í mörgum greinum, t.d. ferðaiðnaði og sjávarútvegi sem teljast til undirstöðuatvinnugreina þjóðarinnar, eru sjóðirnir hins vegar ekki áberandi. Umræðan er að hluta til afleiðing þess að sjóðirnir sitja fastir með fjármuni í landinu og fjárfestingarkostir eru ekki fjölbreytilegri en raun ber vitni. Mikilvægt er að huga að því að mikil ábyrgð fylgir valdi og vanda þarf verklag og ákvarðanir og horfa þarf til langtímahagsmuna en forðast skammtímasjónarmið við ákvarðanatöku.

Sjóðurinn samþykkti í mars á síðasta ári nýja hluthafastefnu og hefur unnið eftir henni í kjölfarið. Til að fylgja betur eftir fjárfestingum sjóðsins, og sem hluti af áhættueftirliti sjóðsins, var mörkuð sú stefna að skipa stjórnarmenn þar sem sjóðurinn á rétt á, annað hvort einn og sér eða með því að styðja aðra í kosningum. Þannig hefur sjóðurinn tekið þátt í að tilnefna eða stutt stjórnarmenn í nokkrum félögum. Áður en stefnan var samþykkt hafði sjóðurinn þó verið að kjósa sína fulltrúa í

stjórnir einstakra félaga þar sem það átti við. Fram til 2008 átti sjóðurinn almennt litla hluti í mörgum félögum og slíkt kallaði hvorki á rétt né skyldu til að hafa afskipti af stjórnnum þeirra hlutafélaga. Frá 2009 hefur eign sjóðsins í hlutafélögum vaxið hægt og örugglega. Nú á sjóðurinn í færri félögum en stærri hluti. Sjóðurinn getur því ekki lengur leyft sér að láta aðra um þá ábyrgð og skyldu að velja stjórnarmenn til að stýra viðkomandi félögum, hafa eftirlit með þeim og leiða stefnu þeirra áfram.

Til að tryggja gegnsæi og til að hafa nægt val um hæfa einstaklinga við skipan í stjórnir félaga ákvað stjórnin að auglýsa eftir áhugasömum aðilum sem vildu taka að sér stjórnarsetu fyrir hönd sjóðsins. Í stuttu máli voru viðbrögðin góð, tæplega 400 aðilar, konur og karlar, margir með mikla reynslu og góðan bakgrunn svöruðu kallinu. Þetta gefur valnefnd sjóðsins sem velur aðila í stjórnir félaga gott úrval af hæfum einstaklingum. Þá er ekki síður jákvætt að hugsa til allra þessara aðila sem vilja leggja sitt að mörkum fyrir sjóðinn. Mikilvægt er við uppbyggingu hlutabréfamarkaðarins að sjóðurinn hafi aðila í stjórnnum þeirra félaga sem hann á verulega hagsmuni í og sem sjóðurinn treystir til að móta stefnu þeirra félaga. Þá er mikilvægt að sjóðurinn leggi áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð af hendi sinna fulltrúa sem skilar sér í betra vinnulagi og betri gæðum í ákvarðanatökum viðkomandi félaga.

Samkeppnissjónarmið

Sjóðurinn hefur síðastliðin ár, eftir því sem hann er fyrirferðameiri á markaði, horft með auknum þunga til samkeppnissjónarmiða í öllu sínu starfi. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á sjálfstæði sitt í vinnubrögðum á markaði og leggur nú sem fyrr áherslu á að vinna með eftirlitsaðilum til að tryggja betri og vandaðri vinnubrögð og trúverðugleika í öllu sínu starfi. Sjóðurinn starfar í stífu regluverki og hefur haldið áfram að yfirfara eigið regluverk og innri ferla og bæta þannig verklag og auka gæði ákvarðana. Sérstaklega þarf að horfa til atriða þegar sjóðurinn á eignarhlut í tveimur félögum á sama samkeppnismarkaði. Slíkt á við í nokkrum tilvikum og þarf sjóðurinn að vanda sig sérstaklega í þeim tilvikum. Það þarf að vera hafið yfir allan vafa að sjóðurinn verði ekki talinn misbeita valdi sínu á þann veg að það geti skaðað viðkomandi félög eða samkeppni á viðkomandi sviði. Gæta þarf sérstaklega að hæfi viðkomandi stjórnarmanns í félagi í slíkum markaði. Líta ber til þess að stjórnarmaðurinn er bundinn af eigin sannfæringu, ber að gæta hagsmuna allra hluthafa og viðkomandi félags og ber hann persónulega ábyrgð á verkum sínum sem stjórnarmaður. Þá þarf að vera ljóst að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli félaga sem gætu skaðað samkeppni. Ljóst er að sjóðurinn má ekkert gera sem gæti verið til þess fallið að draga úr samkeppni á milli félaga á sama markaði.

Vegna alls þessa hefur Gildi skilgreint vel í hluthafastefnu sinni hlutverk stjórnarmanns sem tilnefndur er f.h. sjóðsins. Hlutverk stjórnna er að vinna að framgangi félaga samkvæmt lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum sem um viðkomandi starfsemi gildir. Þeir stjórnarmenn sem Gildi tilnefndir eða styður til setu í stjórn félags skulu standa vörð um hagsmuni þess og allra hluthafa. Sambærileg skylda er í lögum og er stjórnarmanni bannað að hygla með einum eða öðrum hætti einum hluthafa umfram annan. Stjórnir hafa eftirlit með því að rekstur félaga fylgi almennum og góðum viðskiptavenjum, gæta þess að samþykktir séu virtar og bestu stöðlum um stjórnarhætti fylgt. Þá skulu stjórnir stuðla að því að stjórnendur hafi skýra framtíðarsýn og markmið varðandi starfsemi félaga. Þá skulu allir stjórnarmenn standa vörð um að réttindi hluthafa séu ekki skert í starfsemi félaga.

Sátt um lífeyriskerfið

Mikilvægt er að almenn sátt ríki hér á landi með mikilvægi lífeyriskerfisins. Þá er ekki síður nauðsynlegt að við sem eigum réttindi í sjóðnum og vinnum að hagsmunum hans stöndum vörð um sjóðinn og kerfið í heild. Mikilvægi sjóðanna hefur aukist ár frá ári á þessum áratugum sem kerfið hefur byggst upp. Styrkleiki sjóðanna kom ekki síst fram árið 2008 þegar nánast allt fjármálakerfið á Íslandi hrundi. Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í íslensku samfélagi og gegna augljóslega mikilvægu hlutverki og mikilvægi þeirra eykst ár frá ári.

Þakkir

Ég tók sæti fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins í stjórn Gildis á vormánuðum 2008 og hef því setið í stjórn sjóðsins í 6 ár. Vegna 6 ára hámarkstíma fulltrúa SA í stjórn lífeyrissjóða fer ég nú úr stjórn Gildis. Á þessum tíma hafa verkefni verið næg. Sjóðurinn naut góðæris, lenti í fjármálahruninu, unnið var úr þeim erfiðu verkefnum sem fylgdu í kjölfarið og stóð sjóðurinn þannig hrunið af sér. Í kjölfarið voru innviðir sjóðsins styrktir verulega og verklag allt breyst og er það mitt mat að allir þeir aðilar sem hafa komið að því megi vera stoltir af sínu framlagi. Hjá Gildi starfar hæft starfsfólk sem sinnir sínu starfi af alúð og trúmennsku. Ég vil þakka öllu starfsfólki sjóðsins sérstaklega fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Þá vil ég einnig þakka öðrum stjórnarmönnum á tímabilinu fyrir gott og farsælt samstarf og óska þeim velfarnaðar í þeim mikilvægu verkefnum sem framundan eru.

Heiðrún Jónsdóttir

Stjórnarformaður Gildis-lífeyrissjóðs